

Fimmtudaginn 17. febrúar 1994.

Nr. 187/1992.

Kristján Hallgrímsson

(Hákon Árnason hrl.)

gegn

Herdísi Guðmundsdóttur

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Orlof. Uppsagnarfrestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 27. apríl 1992, og krefst hann þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefndu og honum dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Orlofstími stefndu hafði verið ráðinn í maí 1990 með samkomulagi áfrýjanda og hennar, og tók hún orlof 16. júlí til 20. ágúst 1990. Henni var sagt upp störfum með bréfi 28. júní 1990 með þriggja mánaða uppsagnarfresti. Er stefnda var í orlofi sínu, gerði hún athugasemd við það, að orlofstími hennar félli inn í uppsagnarfrestinn, og taldi sig eiga rétt til að vinna út október.

Um ágreiningsefni aðila nýtur hvorki ákvæða í lögum nr. 30/1987 um orlof, lögum nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum o.fl. né í kjarasamningi þeim, er stefnda starfaði eftir. Orlof og uppsagnarfrestur eru réttindi, sem felast í starfskjörum launþega og eru tryggð í lögum og kjarasamningum. Orlof tekið á uppsagnarfresti, sem ekki er lengri en í umræddu tilviki, myndi almennt vera íþyngjandi fyrir launþega. Gat áfrýjandi því ekki án samþykkis stefndu skipað uppsagnarfresti með þeim hætti, sem raun varð á. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Kristján Hallgrímsson, greiði stefndu, Herdísí Guðmundsdóttur, 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 20. febrúar 1992.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 12. febrúar sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 15. mars 1991, af Herdísí Guðmundsdóttur, kt. 100148–3909, Öldugötu 25, Hafnarfirði, gegn Kristjáni Hallgrímssyni, kt. 050323–4719, Fífumýri 6, Garðakaupstað.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær að stefnda verði gert að greiða kr. 41.309,- með dráttarvöxtum skv. 10. gr. og 12. gr. laga nr. 25/1987 frá 1. nóvember 1990 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar [...].

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega að hann verði sýknaður algerlega af kröfum stefnanda, en til vara að stefnukröfur verði lækkaðar. Þá gerir stefndi þá kröfu, að sér verði dæmdur málskostnaður.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

I.

Stefndi, sem er lyfjafræðingur, rekur einkafyrirtæki sitt, Apótek Norður-bæjar, í Hafnarfirði. Stefndandi starfaði hjá honum við afgreiðslustörf frá 1. desember 1987 til 1. október 1990, en frá þeim tíma var henni sagt upp störfum. Stefndandi fékk uppsagnarbréf afhent 28. júní 1990 með þriggja mánaða fyrirvara. Ástæða uppsagnarinnar var sú, að stefnda bauðst sérmenntaður starfskraftur, lyfjatæknir, til starfa.

Áður en til uppsagnar kom, var stefndandi búinn í samráði við stefnda að ákveða að taka sumarleyfi frá 16. júlí til 20. ágúst 1990. Var það ákveðið í maí og orlofstíminn ákveðinn að ósk stefnanda.

Eftir að stefnanda hafði verið sagt upp störfum leitaði hún til verkalýðs-félags síns og fékk þær upplýsingar að óheimilt væri að ákveða að orlof kæmi inn í uppsagnarfrest. Hún hefði því rétt á að vinna út októbermánuð.

Stefndandi tjáði stefnda það og bauðst jafnframt til að vinna í október. Af stefnda hálfu var ekki á það fallist þar sem hann taldi ekki skipta máli þótt orlof væri tekið innan uppsagnarfrests.

Stefndandi gerir því kröfu um laun fyrir októbermánuð 1990 og sundurliðar kröfu sína þannig:

Mánaðarlaun	kr.	29.146,00
Laun vegna þvotta	kr.	8.350,00
10,17% orlof af kr. 37.496,-	kr.	3.813,00
Samtals	kr.	41.309,00

Kröfu sína um greiðslu launa fyrir októbermánuð styður stefnandi þeim rökum, að sér hafi borið óskertur þriggja mánaða uppsagnarfrestur. Stefnandi hafi meinað sér að njóta þessa áunna réttar síns. Sér hafi borið réttur til að starfa hjá stefnda út októbermánuð á sömu kjörum og hún hafði áður notið. Með því að vilja ekki nýta sér starfskrafta sína hafi stefndi fellt á sig skyldu til að greiða henni laun fyrir októbermánuð.

Stefnandi heldur því fram að það samrýmist ekki markmiðum orlofsréttarins annars vegar og réttarins til uppsagnarfrests hins vegar, að vinnuveitandi megi ákveða orlof í uppsagnarfresti. Með slíkri ráðstöfun væri launþegi sviptur þeim rétti, er orlofslögin veita honum til hvíldar og hressingar, og jafnframt sviptur þeim rétti sem honum er tryggður til þess að leita sér að nýrri atvinnu í uppsagnarfresti.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að hvergi í orlofslögum, kjarasamningum eða öðrum lögum sé kveðið á um að orlofstími skuli lengja uppsagnarfrest. Lengd uppsagnarfrests sé eingöngu bundin við starfstíma launþega. Ef það hefði verið ætlun löggjafans, að uppsagnarfrestur skyldi lengjast vegna orlofstöku starfsmanns eða takmarka ætti rétt vinnuveitenda að þessu leyti til að segja upp starfsfólki, hefði það verið tekið fram í lögum.

Undantekningar frá 5. gr. orlofslaga um ákvörðunarvald vinnuveitanda varðandi töku orlofs og lengd uppsagnarfrests verði að styðjast við skýr og ótvíræð ákvæði laga eða kjarasamninga. Allar slíkar undantekningar beri að skýra þröngt. Hvorki lagasetning, tilgangur laga eða eðli máls leiði til þeirrar niðurstöðu að uppsagnarfrestur starfsmanns eigi að lengjast vegna orlofstöku hans á sama tíma.

Í öðru lagi byggir stefndi á því að stefnandi hafi engar athugasemdir gert við launauppgjör eða krafist viðbótargreiðslu, heldur kvittað án fyrirvara fyrir síðustu launagreiðslu. Stefnandi hafi ekki boðið fram vinnuframlag sitt í október og það hafi ekki verið fyrr en með innheimtubréfi, dags. 8. nóvember 1990, að krafa um laun komi fram. Þegar af þessari ástæðu beri að sýkna stefnda vegna aðgerðarleysis stefnanda.

Varakröfu sína um lækkun á stefnukröfu styður stefndi þeim rökum, að stefnandi verði að sæta því að til frádráttar kröfu hennar komi laun þau sem hún vann sér inn í október 1990.

Fyrir réttinn kom stefnandi og eiginkona stefnda, en hún annast starfsmannahald fyrir stefnda.

II.

Óumdeilt er í málinu, að eftir að stefnanda barst uppsagnarbréf frá stefnda, bauð hún fram vinnu sína í október 1990, þar sem hún taldi sig eiga rétt á að vinna út október. Því var hafnað af hálfu stefnda og lauk stefnandi því störfum í lok september. Stefnandi þykir því ekki hafa fyrirgert rétti sínum vegna aðgerðarleysis, en innheimtubréf lögmanns hennar er dagsett 8. nóvember 1990.

Orlofsréttur er áunninn réttur, sem vinnuveitanda er óheimilt að skerða, sbr. 2. gr. laga nr. 30/1987 um orlof. Ákvæði 12. gr. sömu laga leggja bann við því að starfsmaður vinni í orlofi í sinni starfsgrein eða skyldum starfsgreinum. Ef starfsmaður veikist í orlofi á hann rétt á lengra orlofi skv. 6. gr. orlofslaga.

Af þessu er ljóst að megintilgangur orlofslaga og ákvæða kjarasamninga um orlof er að veita launþega frí frá störfum og tryggja að hann noti það til hvíldar og endurnæringar, eins og kostur er.

Réttur til uppsagnarfrests er einnig áunninn réttindi, líkt og réttur til orlofs. Hlutverk uppsagnarfrests er að gefa aðilum ráðningarsamnings kost á að bregðast við uppsögn þannig að hún verði þeim síður til tjóns. Launþegi á þess þannig kost að nota uppsagnarfrestinn til að leita sér að nýrri atvinnu.

Verður því talið að atvinnurekandi geti ekki einhliða ákveðið án samþykkis launþega, að hann taki orlof sitt meðan uppsagnarfrestur er að liða. Verður ekki fallist á með stefnda, að launþegi í orlofi þurfi að eyða áunnum orlofstíma í að leita að nýrri atvinnu í uppsagnarfresti.

Kröfur stefnanda verða því teknar til greina að öðru leyti en því, að til frádráttar koma kr. 3.242,00 sem stefnandi hafði í laun hjá Hafnarfjarðar-kaupstað í október 1990.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi dæmdur til greiðslu málskostnaðar að upphæð kr. 50.000,00 að viðbættum kr. 11.000,00 í virðisaukaskatt.

Málskostnaðarþóknun beri dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 að liðnum 15 dögum eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Kristján Hallgrímsson, greiði stefnanda, Herdísi Guðmundsdóttur, kr. 38.067,00 með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 1. nóvember 1990 til greiðsludags og kr. 61.000,00 í málskostnað, þ.m.t. virðisaukaskatt. Málskostnaðarfjárhæðin beri dráttarvexti að liðnum 15 dögum frá dómsuppsögu og til greiðsludags.